

# KÓPAVOGS

## - P Ó S T U R I N N -

30. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 31. október 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS



# BIOEFFECT



### EGF Serum og EGF Hand Serum

Okkar margverðlaunaða EGF Serum er sérstaklega þróað til að fyrirbyggja og hægja á öldrun húðarinnar. EGF Hand Serum hjálpar til við að næra þurrar hendur og dregur úr ásýnd litabreytinga í húð.

EGF Serum í fullri stærð og EGF Hand Serum fylgir.

**Verð: 15.990 kr.**



### EGF Serum, EGF Eye Serum og augnmaski

Þrjár af okkar vinsælustu vörum: EGF Serum, EGF Eye Serum og Imprinting Eye Mask. EGF Serum, margverðlaunuðu húddroparnir, draga úr ásýnd fínna lína og hrukka, auka raka og þétta húðina. EGF Eye Serum er endurnærandi augnserum sem einnig vinnur á fínnum línunum og hrukkum auk þess að draga úr þrota umhverfis augun. Imprinting Eye Mask hámarkar virkni og áhrif EGF Eye Serum.

Gjafasettið er á 5.250 kr. lægra verði en ef vörurnar eru keyptar stakar.

**Verð: 21.190 kr.**



### EGF Power Serum og EGF Power Cream

Gjafasettið inniheldur tvær öflugar húðvörur: EGF Power Serum og EGF Power Cream. Vörurnar eru sérstaklega þróaðar fyrir þroskaða og þurra húð. EGF Power Serum hjálpar til við að jafna húðlit, vinnur á hrukkum, litamisfellum og þurrki. EGF Power Cream er byltingarkennt andlitskrem sem vinnur á öllum helstu öldrunarmerkjum húðar.

Gjafasettið er á 10.490 kr. lægra verði en ef vörurnar eru keyptar stakar.

**Verð: 31.490 kr.**

# BRA

## BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS

“Lentir þú í árekstri”

Láttu okkur þá laga bílinn.  
Frí Tjónaskoðun.



FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is



## Laxaolía

Styður við heilbrigða  
húð og feld

# KÓPAVOGS

## - P Ó S T U R I N N -

29. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 24. október 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: [WWW.KGP.IS](http://WWW.KGP.IS)

### KOMINNTÍMIA SKOÐUN?

Verið velkomin  
með bílinn í  
skoðun á  
Dalveg 22

### Lyfjaval

HEILSA & HÁMINGJA

Bílaapótek Lyfjaval  
Hæðasmára

### FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson Ifs.

Komdu með  
fasteignina þína  
í sölu hjá okkar.

Fyrir hverja eign  
styrkjum við  
Bleiku slaufuna.

Hringdu og  
kynntu þér málið:  
520 9595

Við leggjum þessu  
málefni lið.

Bæjarlind 14-16  
[www.errea.is](http://www.errea.is)

## MEKÓ

### MENNING Í KÓPAVOGI

## 218 Fyrirmyndarfyrirtæki og 152 Framúrskarandi fyrirtæki staðsett í Kópavogi 2024



Af alls 1.643 fyrirmyndarfyrirtækjum á Íslandi eru 218 þeirra staðsett í Kópavogi samkvæmt úttekt Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri fyrir árið 2024 og fjölgar þeim um 11 frá því í fyrra. Alls eru 152 Framúrskarandi fyrirtæki staðsett í Kópavogi samkvæmt árlegri útnefningu Creditinfo og fækkar þeim um 10 frá því í fyrra, en í öllum tilvikum eru þessi 152 Framúrskarandi fyrirtæki einnig Fyrirmyndarfyrirtæki. Alls eru 1.133

sem teljast til Framúrskarandi fyrirtækja í ár og af þeim eru því 13,5% staðsett í Kópavogi. Sex fyrirtæki í Kópavogi eru á topp 20 lista Framúrskarandi fyrirtækja yfir stór, meðalstór eða lítil fyrirtæki, en þau eru Heimar hf, sem er í 16. sæti og Festi hf sem er í 20 sæti á lista yfir stór fyrirtæki, Rafholt sem er í 6. sæti á lista yfir meðalstór fyrirtæki og Intenta ehf, sem er í 16. sæti, Nitro Sport ehf, sem er í 19. sæti og GSG ehf, sem er í 20. sæti á lista yfir lítil fyrirtæki.

## LÆGSTA VERÐIÐ Í KÓPAVOGI ER Á DALVEGI

HÍÐASMÁRA 8, 201 KÓPAVOGI

# Nettó Engihjalla

## Opið alla daga 8-24



# nettó

## 30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



# LIND

## FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

# Sprettur handhafi Æskulýðsbikars LH



Þær Þórdís Anna Gylfadóttir yfirjálfi Spretts og Jónína Björk Vilhjálmstöddir formaður Spretts tóku við verðlaununum fyrir hönd félagsins. Ljósmynd: Eiðfaxi

## Hestamannafélagið Sprettur er handhafi Æskulýðsbikars Landssambands hestamannafélaga (LH) árið 2024.


Hinn eftirsótti Æskulýðsbikar LH er afhentur því félagi sem skarað hefur þótt fram úr í æskulýðsstarfi á árinu og hefur verið afhentur frá árinu 1996. Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlottast fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga.

Æskulýðsbikarinn var afhentur við hátíðlega athöfn á landsþingi Landssambands hestamannafélaga, sem haldið var í Borgarnesi 25.-26. október. Við það tækifæri var eftirfarandi texti lesinn upp: „Félagið hefur sífellt verið að bæta starf sitt, horfir mjög vítt á starfið og er umhugað um alla æsku félagsins, hvort sem um er að ræða áhugaknappa, keppnisknappa eða þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í sportinu. Félagið hefur staðið vel að nýliðin og hefur starfið vaxið og dafnað ár frá ári nú um nokkurra ára skeið. Árangur starfsins sést vel í fjölgun félagsmanna og mikillar nýliðunar.

Félagið stóð fyrir tugum viðburða fyrir alla aldurshópa að meðtöldum námskeiðum og æfingum ásamt því að reka félagshesthús. Þau byrjuðu starfið sitt strax á haustmánuðum sem gerir starf þeirra að

heils vetrarstarfi. Meðal þess sem okkur fannst athyglisvert er að þau stóðu að skipulögðum reiðtúrum fyrir yngri kynslóðina, þar á meðal fyrir polla. Þau stóðu fyrir ferð þar sem gist var, reiðið út og farið í leiki. Þau virkja krakkana með sér og eru annars vegar með barna- og unglingaráð og hins vegar með ungmenningaráð sem opnar fyrir ungu kynslóðina að hafa áhrif á æskulýðsdagskrána. Það var meðal annars til þess að staðið var fyrir reiðnámskeiðferð eingöngu ætlað ungmennum. Ekki síður vakti athygli nefndarinnar að félagið uppfyllti óskir yngri félagsmanna og fóru með hóp yngri félagsmanna í ferð erlendis til að sjá hestásýningu sem krakkarnir söfnuðu fyrir með ýmiskonar fjáröflun. Það sem nefndinni fannst ekki síst áhugavert og tekur undir með ungu kynslóð félagsins er að sjá önnur félög stofna yngri flokka ráð og myndum við, sem nú sitjum í æskulýðsnefnd LH, gjarnan vilja láta draum þeirra rætast sem er að haldið verði Landsþing yngri flokka. Félagið telur á annað þúsund félagsmenn þar sem um helmingur tilheyrir yngri flokkum félagsins.

Handhafi Æskulýðsbikars Landssambands hestamannafélaga 2024 er Hestamannafélagið Sprettur í Garðabæ og Kópavogi.”




## FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA

			
Frímann 897 2468	Hálfán 898 5765	Ólöf 898 3075	Jón 793 4455

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



# Fjölmennt í útgáfuhófi

Fjölmennt var í útgáfuhófi Byggðakönnunar Kársnes sem haldið var í Salnum í Kópavogi. Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri flutti ávarp og fagnaði útgáfunni, en ekki hefur áður verið unnið svona ítarleg byggðakönnun í Kópavogi.

Anna María Bogadóttir arkitekt vann byggðakönnunina í samvinnu við skipulagsdeild Kópavogsbæjar en skipulagsráð lagði til að ráðist væri í gerð þess. Í útgáfuhófinu hélt Anna María stutt erindi um byggðina á Kársnesi og rífaði upp upphafi byggðar á Kársnesi, hvernig ræktarlöndin sem voru þar skipulögð í upphafi urðu að byggingarlöndum og í framhaldi hvernig fjölbreytt byggð reis á Kársnesi sem er enn að þróast.

Byggðakönnunin sett upp á aðgengilegan hátt og ríkulega myndskreytt. Við vinnsluna var leitað fanga í skjalasöfnun og rætt við heimildamenn, en einnig eru fjöldi nýrra mynda í byggðakönnuninni.

Þess má geta að bókin er til sölu í safnbúð Gerðarsafns og til láns í Bókasafni Kópavogs. Rafræna útgáfa má nálgast á vef Kópavogsbæjar.



Útgáfuhófi F.v. Elísabet Sveinsdóttir forseti bæjarstjórnar, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri, Anna María Bogadóttir arkitekt, Hjördís Ýr Johnson formaður skipulagsráðs og Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsstjóri Kópavogs



# Arnar tvöfaldur Íslandsmeistari

Arnar Pétursson í Breiðabliki gerði sér lítið fyrir á dögnum og nældi sér í tvo Íslandsmeistaratitla í október, annars vegar með sigri á Meistaramóti Íslands í víðavangshlaupum þann 19. október þegar hann hljóp 9 km í bleytu og kulda í Laugardalnum á tímanum 00:31:25 og hins vegar með sigri á Meistaramóti Íslands í maraþoni þann 26. október þegar hann hljóp 42,2 km á tímanum 02:51:06.

Fleiri Blikar tóku þátt í víðavangshlaupunum og má þar nefna Þorbjörgu Gróu Eggertsdóttur sem varð önnur í flokki 15-17 ára stúlkna á tímanum 00:14:12 og Patek Ómar Haraldsson sem varð sjötti í flokki 15-17 ára pílta á tímanum 00:11:26 en þau hlupu bæði tvo 1,5 km hringi, eða



Arnar Pétursson varð Íslandsmeistari á Meistaramóti Íslands í víðavangshlaupi og á Meistaramóti Íslands í maraþoni

3 km. Þá varð Elenóra Ósk Bjarnadóttir tímanum 00:06:48 en hún hljóp einn 1,5 km hring. Þriðja í flokki stúlkna 12 ára og yngri á



## KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



# MEKÓ

## DAGSKRÁ NÓVEMBER 2024



Söngvaskáld | gugusar



Óstöðugt land  
Gunnþís Ýr Finnbogadóttir og Þorgerður Ólafsdóttir



Parabóla | Finnbogi Pétursson



Fjölskyldustund | Ljósgrjafir



Tíbrá | Cauda Collective



Venesúelísk hátíð



Leslyndi | Bergþóra Snæbjörnsdóttir



Fjölskyldustund | Undur vísindanna

# KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,

Sími: 697 4020. Vefsíða: [www.kgp.is](http://www.kgp.is) Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.

Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

**Kópavogspósturinn kemur næst út 7. nóvember**

Síðasti skiladagur er föstudaginn 1. nóvember

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstsins, [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA  
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésón  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)

ÚTFARARSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR  
AÚÐUNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi  
[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)

554 2510



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Kópavogspósturinn á [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

## Einn karakter verður drepinn á Kríunesi!

Það verður boðið upp á hrekkjarvökumorgáta og 3 rétta máltíð á kyngimögnum kvöldi á Kríunesi næstu tvö kvöld.

Grikk eða gott? Íslendingar eru farnir að halda meira upp á Halloween undanfarin ár og flest hverfi komin með kort þar sem fjölskyldur geta gert grikk eða gott. Hótel Kríunes ákvað að gera enn betur og gerir Halloween útgáfu af Murder Mystery leiknum sínum (morðgátu) sem slegið hefur í gegn undanfarin ár.

Drakúla er 500 ára og þér er boðið í kyngimagnað kvöld þar sem einn karakter mun vera drepinn. Hver er morðinginn?

Leikurinn verður á ensku á Halloween í kvöld, 31. október og svo á íslensku 1. nóvember. Innifalið er ekki bara morðgáta heldur einnig þrjú rétta máltíð. Miðaverð



er 15.900 kr. Veitt er svo verðlaun fyrir besta leikinn og búninginn.

Murder Mystery leikirnir hafa verið mjög vinsælir á Kríunesi meðal hópa og fyrirtækja en nú geta einstaklingar bókað miða líka.

Skemmtun sem enginn mun gleyma!

Halloween Murder Mystery  
31. október (ensku) -  
1. nóvember (íslensku)  
18:00-22:00, Hótel Kríunes  
20 ára aldurstakmark.



[eignaumsjon.is](http://eignaumsjon.is)

VR

FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2023  
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki  
í rekstri  
Vissirgættuð | Keflon

## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á [thjonusta@eignaumsjon.is](mailto:thjonusta@eignaumsjon.is).

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón  
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800



# Enn betri kjör með appinu!



Ef þú notar appið þegar þú kaupir vörur á tilboði með rauðum stimpli færðu 10% aukaafslátt í formi inneignar.

Skoðaðu girnilegar uppskriftir á [netto.is](http://netto.is)!

Tilboð gilda 31. október–3. nóvember



**KJÖTSEL**

40% afsláttur

**Bæonne skinka**  
**1.595** kr/kg  
2.659 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



**KJÖTSEL**

20% afsláttur

**Hamborgarhryggur**  
**1.359** kr/kg  
1.699 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



20% afsláttur

**Jazzy kartöflur, smælki, 500 g**  
**375** kr/pk  
469 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



**KJÖTSEL**

30% afsláttur

**Kölnarskinka með gljáa**  
**2.204** kr/kg  
3.149 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



**KJÖTBÖRÐIÐ**

20% afsláttur

**Sósur frá Kjötbörðinu**

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



Heilsuvara vikunnar

**ENZYMEDICA**

20% afsláttur

**Meltingarensím frá Enzymedica**

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



25% afsláttur

**Ananas**  
**311** kr/kg  
415 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

Ert þú meðal þeirra 80.000 appnotenda sem fá lægsta verðið í Nettó með appinu?



Afsláttur í formi inneignar í appinu!

**nettó**

Tilboð gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Dekkjahöllin opnar hjólbarðaverkstæði og lager í Miðhrauni

Dekkjahöllin færir sig nær viðskiptavinum í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og á Reykjanesi

Dekkjahöllin bætir nú við nýju hjólbarðaverkstæði við Miðhraun í Garðabæ, en fyrir eru fjögur verkstæði fyrirtækisins starfrækt í Skeifunni og Skútuvogi í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Nýja verkstæðið í Garðabæ opnar á næstu dögum en verið er að leggja lokahönd á frábæra aðstöðu við Miðhraun 18 í Garðabæ.

Saga Dekkjahallarinnar spannar 40 ár, en Gunnar Kristdórssón, stofnandi fyrirtækisins byrjaði fyrst með hjólbarðapjónustu í bílskúr á Akureyri árið 1982. Í kjölfarið opnaði hann Dekkjahöllina í Draupnisgötu 5 árið 1984. Því næst opnaði Dekkjahöllin í Fellabæ á Egilsstöðum árið 1998 sem þróaðist í yfirtöku á rekstri Sóldekkis árið 2002. Verkstæðin tvö voru svo sameinuð nokkrum mánuðum síðar. Í febrúar árið 2008 opnaði Dekkjahöllin svo fyrsta hjólbarðaverkstæðið í Reykjavík í Skeifunni 5. Í framhaldinu var opnað annað verkstæði árið 2012 í Skútuvogi 12 til að anna eftirspurn eftir þjónustu sem síðan hefur farið sívaxandi.

**Færa sig nær viðskiptavinum sínum í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og á Reykjanesi**

Með tilkomu verkstæðisins í Miðhrauni eru þau orðin fimm talsins, þar af þrjú á höfuðborgarsvæðinu. Jón Trausti Ólafsson er forstjóri Vekru sem er eigandi Dekkjahallarinnar. „Í Miðhrauni verður Dekkjahöllin með hjólbarðaverkstæði og lager. Með síauknu vöruúrvali og tilkomu Continental umboðs Dekkjahallarinnar hefur þörfin aukist fyrir stórt og gott lagerhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt erum við að færa okkur nær viðskiptavinum okkar í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og á Reykjanesi til að geta boðið þeim upp á fljóta og góða hjólbarðapjón-



Jón Trausti segir að verkstæðið í Miðhrauni verði fyrst og fremst hjólbarðapjónusta og sala þar sem áhersla verður lögð á framúrskarandi þjónustu, en verkstæðið verður vel búið með nýjum og vönduðum tækjabúnaði. Verkstæðið verður opnað á næstu dögum, en verið er að leggja lokahönd á flotta aðstöðu við Miðhraunið eins og myndin ber með sér

ustu og mikið úrval af vönduðum dekkjum í flestum stærðum. Áhersla Dekkjahallarinnar er að bjóða upp á fyrsta flokks úrval af negldum og ónegldum vetrardekkjum, heilsársdekkjum og sumardekkjum í ýmsum verðflokkum svo að hægt sé að uppfylla þarfir sem flestra.“

Dekkjahöllin hefur sérhæft sig í sölu á dekkjum og léttu þjónustu við bifreiðaeigendur. Jón Trausti segir að nýja verkstæðið muni þó einbeita sér að dekkjunum: „Miðhraunið verður fyrst og fremst hjólbarðapjónusta og sala þar sem áhersla verður lögð á framúrskarandi þjónustu og að verkstæðið sé vel búið með nýjum og vönduðum tækjabúnaði.“

**Persónuleg og hröð þjónusta**

Aðspurður um sögu Dekkjahallarinnar, sem er upphaflega rótgróið fjölskyldu-

fyrirtæki svarar Jón Trausti: „Við höfum lagt mikla áherslu á að halda í gömlu fjölskyldugildin, sem eru góð og persónuleg þjónusta og að þjónustustigið breytist ekki. Dekkjahöllin er þekkt fyrir frábæra þjónustu og gott úrval vandaðra dekkja. Mikil þekking og reynsla er fyrir hendi í góðum hópi starfsmanna, sem margir hverjir hafa fylgt fyrirtækinu í mörg ár og jafnvel áratugi. Viðskiptavinir okkar geta því treyst því að þeir fáir faglega, persónulega og fyrsta flokks þjónustu og að við veljum birgjana okkar af kostgæfni sem fyrr. Fyrirtækið er í samstarfi við marga af stærstu, bestu og rótgrónustu birgjum heims í dekkjum og þar má nefna Continental, Yokohama og Falken.“

Landsmenn eru sjálfsagt farnir að huga að dekkjaskiptum, en samkvæmt Jóni Trausta er óþarfi að bóka tíma hjá Dekkjahöllinni: „Við erum ekki með tímabókanir

þar sem við kappkostum að bjóða upp á skjóta þjónustu þegar viðskiptavinurinn þarf á henni að halda. Viðskiptavinir geta því treyst því að geta mætt til okkar og fengið ráðgjöf eða úrlausn vandamála,“ segir Jón Trausti en hvetur um leið þá sem ætla að skipta yfir á naglalaus vetrardekk að vera tímanlega í því og jafnvel sé gott að klára það sem fyrst í október: „Þegar fyrsti snjórinn kemur þá verður alltaf meira að gera og þá er bara að mæta og við gerum þetta hratt og örugglega – nýja verkstæðið kemur sem góð viðbót núna í nóvember og það er gott að opna í Miðhrauni beint á móti 66° norður.“

samsetning bílaflotans ekki ólík því sem gerist á Íslandi. Yokohama dekkinn hafa einnig heldur betur sannað sig við íslenskar aðstæður síðustu ár og við eigum marga viðskiptavini sem hafa eingöngu keyrt á þeim í yfir áratug. Vetrardekkinn frá Yokohama henta einstaklega vel við íslenskt veður, en merkið býður upp á loftbóludekk fyrir þá sem kjósa naglalaus dekk, ásamt vönduðum fjölnagladekkjum sem geta tekið á við mest krefjandi aðstæðurnar.“

Jón Trausti gefur okkur einnig dæmi um þá aukahluti sem Dekkjahöllin býður upp á: „Dekkjahöllin selur einnig og sérpantar álfelgur undir flestar gerðir bíla. Meðal annars er fyrirtækið umboðsaðili fyrir MAK sem eru ítalskar og sérstaklega fallegar gæðafelgur. Við seljum einnig og skiptum um loftþrýstiskynjara í bifreiðum, pöntum og seljum vetrardekk á felgum í flestar gerðir bíla. Auk þess erum við með kerrur og varahluti í þær, en leggjum þó ekki megináherslu á það.“

**Fjölnagladekk Falken góð á blautum ís**

En hvað með nagladekkinn; eru þau nauðsynleg og öruggari eða nægja góð vetrardekk? „Okkar birgjar hafa fjárfest umtalsvert í hönnun naglalausra dekkja undanfarið ár og áratug og það hefur skilað sér í bættri gúmmíblöndu og betra gripi við fjölbreyttar aðstæður. Þar má til dæmis nefna Viking Contact 7 og 8 frá Continental sem eru framúrskarandi naglalaus dekk sem hafa unnið fjölmargar prófanir.



„Dekkjahöllin er þekkt fyrir frábæra þjónustu og gott úrval vandaðra dekkja. Mikil þekking og reynsla er fyrir hendi í góðum hópi starfsmanna, sem margir hverjir hafa fylgt fyrirtækinu í mörg ár og jafnvel áratugi,“ segir Jón Trausti

Eitthvað hefur einnig borið á umræðu um yfir hvaða tímabil notkun nagladekkja er heimil: „Þann 1. nóvember er heimilt að setja nagladekkinn undir, en það má einnig gera það fyrr ef akstursaðstæður krefjast notkunar þeirra. Ónelgd vetrardekk má vitanlega setja undir fyrr. Reglugerðin setur þá kröfu á ökumann að honum sé skylt að vera á vetrardekkjum eða nagladekkjum þegar snjór eða ísing er á vegi,“ nefnir Jón Trausti.

**Fengur í Continental umboðinu og loftbóludekkjum Yokohama**

Dekkjahöllin hefur verið þekkt fyrir að bjóða upp á gott vöruúrval ásamt fylgihlutum, Jón Trausti nefnir að fyrirtækið velji sérstaklega inn vörumerki og dekk sem henta íslenskum aðstæðum: „Dekkjahöllin er meðal annars nýr umboðsaðili Continental sem er einn stærsti og vandaðasti framleiðandi heims, með mjög háa markaðshlutdeild á Norðurlöndum, til dæmis í Noregi þar sem markaðshlutdeild Continental er gríðarlega mikil og

Loftbóludekkinn frá Yokohama hafa einnig sannað sig frábærlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður,“ svarar Jón Trausti en segir jafnframt að nagladekkinn hafi enn vinninginn við krefjandi aðstæður eins og akstur á blautum ís: „Því velja margir ökumenn þau enþá, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Sem dæmi má nefna að Iceguard nagladekkinn frá Yokohama, IG65 og IG55, sem og F-ICE 1 fjölnagladekkinn frá Falken hafa komið mjög vel út í snjó og hálfu, en eru einnig endingargóð, með góðu naglahaldi og hljóðlát.“

Jón Trausti talar að lokum um að Dekkjahöllin leggi áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta valkost í vöruúrvali á öllum stöðum á landinu til að lágmarka biðtíma og mæta ólíkum þörfum viðskiptavina. Aðspurður um verðlag svarar hann einfaldlega: „Dekkjahöllin leggur áherslu á að veita skjóta og vandaða þjónustu á sanngjörnu verði. Það er ekki markmið okkar að vera ódýrust, en við viljum vera með gæði í okkar vöru og um leið veita framúrskarandi þjónustu.“

VETRAR  
POP UP  
LAUGARDAGINN 2. NÓVEMBER.  
FRÁ KL. 11 - 16.  
Garðatorgi 5



# VELKOMIN Í NÝJA OG ENDUR- BÆTTA VERSLUN Í LINDUM

Glæsileg opnunartilboð  
alla helgina, tilboðin gilda  
eingöngu í ELKO Lindum



OPNUM  
KL. 11:00  
31. OKT.

📍 Lindir · Skeifan · Grandi · Akureyri · Keflavíkurflugvöllur

👉 [www.elko.is](http://www.elko.is) ✉ [elko@elko.is](mailto:elko@elko.is) 📞 544 4000

**ELKO** ➤

# Framúrskarandi þjónustuupplifun í nýrri verslun

## ELKO opnar eina glæsilegustu raftækjaverslun Norðurlanda í Lindum í Kópavogi í dag, 31. október

Stærsta raftækjaverslun landsins, ELKO Skógarlind, opnar dyr sínar að nýju fyrir viðskiptavinina í dag, fimmtudaginn 31. október, eftir mikla upplýfingu og endurbætur á húsnæðinu, en versluninni var lokað tímabundið 17. október sl.

Kópavogspósturinn sló á þráðinn til Óttars Arnars Sigurbergssonar, framkvæmdastjóra ELKO og spurði hann nánar um verkefnið og tilganginn.

**Vildum gera verslunina nútímalegri og aðgengilegri**  
Hver er ástæðan fyrir því að þið réðust í þetta verkefni og hvað breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu? „ELKO hóf starfsemi á Smáratorgi árið 1998, en 2008 var verslunin flutt í nýtt húsnæði við Skógarlind. Síðan þá hefur verslunin bara verið endurnýjuð einu sinni árið 2015 þegar nýtt vörumerki ELKO var kynnt til leiks. Raftækjamaðurinn er alltaf á fleygiferð og vöruúrval breytist í takti við nýja tækni. Það gerir kröfu á okkur um að vera vel vakandi og endurnýja verslanir með reglulegu millibili. Við ákváðum að ráðast í framkvæmdir og breytingar í ELKO Lindum sem er löngu búin að sanna sig sem stærsta raftækjaverslun landsins og var að hefja niunda rekstrarár í óbreyttri mynd. Við vildum gera verslunina nútímalegri og aðgengilegri og auðvelda okkur að veita betri þjónustu,” segir Óttar Örn og heldur áfram: „Við gerðum töluverðar breytingar. Til dæmis var skipt um alla klæðningu á ytra byrði, inngangur var færður til að bæta flæði og byggður stór og glæsilegur gleringangur. Kassasvæðið var sameinað þjónustuborði inni í versluninni til að bæta þjónustu og minnka biðtíma og inni í versluninni hefur verið bætt við sérstöku svæði fyrir ráðgjöf til fyrirtækja. Svo var öll loftræsting tekin í gegn til að bæta loftgæði. Baksvæði voru líka endurhugsuð með bættu þjónustu í huga og útbúnað betri skrifstofur fyrir stjórnendur verslunar.”



Óttar Örn segir raftækjamaðurinn alltaf á fleygiferð og það gerir kröfur til fyrirtækisins um að endurnýja þurfi verslanir ELKO með reglulegu millibili

**Lifandi efni á skjám um alla verslun**  
Og mun upplifun viðskiptavina verða allt önnur nú þegar þeir ganga inn í endurbættu verslun ELKO - eruð þið búin að skapa hálfgerðan ævintýraheim? „Upplifun viðskiptavina verður vonandi allt önnur enda engu til sparað í innréttingum, útliti eða merkingum. Verslunin er með lifandi efni á skjám út um allt. Þar er að finna um átta LED Matrix skjái ásamt yfir 30 sjónvarpstækjum til upplýsingagjafar, en þau bættast við öll þau sjónvörp sem eru til sölu. Í leikjadeildinni er svo risastór skjár sem hægt er að tengja allt að átta leikjaspilara inn á og fylgjast með sem hentar mjög vel í tölvuleikjamat. Á öllum innréttingum eru merkingar sem eiga auðvelda fólki að rata um og finna rétta vörur. Verslunin er mjög vel merkt, enda fengum við heilan 40 feta gám bara með merkingum og ætti því ekkert að vanta. Því til viðbótar verður hægt að sjá staðsetningu allra vara í Lindum í sérstöku staðsetningarkerfi inni á elko.is. Þar getur fólk fundið vöruna sem það leitast að, séð á korti hvar hún er í versluninni og svo blikkar rafrænn hillumiði til leiða fólk á nákvæmlega réttan stað,” segir hann og bætir við: „Við leggjum líka mikið upp úr því að hafa sýningareintök af öllum vörum svo hægt sé að handleika þær, snúa,

skoða og meta. Í Lindum er vörum gert hærra undir höfði til að auðvelda fólki ákvarðanir um innkaupin. Svo höldum við líka í þætti sem fólk þekkir, svo sem endurvinnslukassa fyrir raftæki og innpökkunarborð sem margir nýta sér.”

**Versluninni hefur algerlega verið snúið við**  
Er búin að snúa öllu á hvolf í versluninni eða geta viðskiptavinir gengið að raftækjunum og öðrum vörum á sama stað og þær voru áður? „Versluninni hefur algerlega verið snúið við í skipulagi miðað það hvað var áður. Flæði inn í verslun og uppröðun vöru er samkvæmt nýjustu stöðlum. Verslanir ELKO í Lindum og Skeifunni eru nú settar eins upp, með sömu uppröðun vöruflokka og því ættu reglulegir viðskiptavinir að þekkja sig, óháð því hvaða verslun er heimsótt. Til þess að geta sett upp þetta nýja flæði í versluninni var inngangnum til að mynda hliðrað og kassasvæði fært.”

**Í Gaming deildinni verður hægt að bjóða upp á viðburði, mót og keppnir**  
En eru þið að bjóða upp á einhverjar nýjungar í þjónustunni og jafnvel nýjar vörulínur? „Verslunin hefur verið skjá-

vædd og er sjón sögu ríkari, í Gaming deildinni verður til að mynda hægt að streyma leikjum úr allt að 6 tölvum á stórum skjá sem býður upp á skemmtilega viðburði, mót og keppnir í rafíþróttum. Þessa á milli verða sýnd skemmtileg brot úr nýjustu leikjunum ásamt öðru rafíþróttatengdu efni.”

**Stytti biðtími og bætt þjónusta**  
„Við höfum sett upp nýjustu gerð af númerakerfi bæði fyrir söluráðgjafa og á þjónustusvæði með stórum og sýnilegum sjónvarpsskjám, sem mun stytta biðtíma og bæta þjónustuna. Staðsetningarkerfi vara á elko.is verður svo komið í gang nokkrum dögum eftir opnun. Í fyrirtækjaráðgjöf er nú að finna sýningareintök vara sem eru sniðnar að fyrirtækjum og söluráðgjafi er fyrirtækjum innan handar með þjónustu.”

þegar komnir í gagnið með skilarétti til 31. janúar.”

**Komumst ekki langt í að eiga ánægðustu viðskiptavinina nema að eiga líka ánægðasta starfsfólkið**  
Og er spennan og eftirvænting á meðal starfsfólksins að opna í raun nýja glæsilega verslun? „Starfsfólkið okkar hefur staðið sig eins og heitur í þessu erfiða framkvæmdaumið sem verið hefur síðustu mánuði. Þau eiga öll hrós skilið og get ég fullt að þau hlakkar til að fá nýrri og betri verslun til að vinna í næstu árin. Mikið var lagt upp úr að gera alla aðstöðu starfsfólks mun betri en áður var. Starfsfólk okkar fær nú mun betri loftræstingu, stærra og betri kaffiáðstöðu, kósý-herbergi til að slaka á eftir mat, betri skrifstofur fyrir stjórnendur og betri baksvæði til að vinna í þjónustumálum. Við komumst ekki langt



Ný og glæsileg verslun ELKO í Lindum er með sérstakri Gaming deild

**Boðið upp á fagað val unaðsvara í Lindum**

„Svo er nýjung í Lindum að þar hefur verið sett upp vörulína af unaðsvörum, sem hafa eingöngu verið í sölu í Skeifunni, á Akureyri og í vefversluninni hingað til en nú bjóðum við þennan vöruflokk velkominn í nýja verslun í Lindum. Um er að ræða fagað úrval unaðsvara og passar úrvalið vel innan um aðrar heilsu- og snyrtivörur sem eru í úrvali ELKO.

Stærsta breytingin er þó að núna eru þjónustuborð og afgreiðslukassar á sama svæði. Það er því á einum stað sem fólk greiðir fyrir vörur, sækir eftirkaupaþjónustu eða fær ráðgjöf um uppsetningu á tækjunum.

Í Lindum verður svo áfram hægt að fá sérsniðnar öryggisfilmur á farsíma, snjallúr og tölvur og höldum áfram að kaupa notuð raftæki af viðskiptavinum. Í versluninni verða svo nokkur eldhús og þvottahús sett upp á stóru svæði til að sýna vörurnar í sínu eðlilega umhverfi,” segir hann.

**Ef þú slakar á í smástund missir þú forskotið**

Eru verslanir ELKO og þjónustan alltaf í stöðugri þróun og endumati, eru þið ávallt að takast á við ný verkefni og auknar kröfur? „Það er algjört lykiliatriði að sinna framþróun því ef þú slakar á í smástund missir þú forskotið. Svo erum við ekki bara að eiga við keppinauta innanlands heldur keppum við í alþjóðlegu netverslanaumhverfi þar sem samkeppnin getur verið hvar sem er í heiminum. Við höfum því lagt upp úr einstakri upplifun í verslunum okkar og að þar sé boðið upp á framúrskarandi þjónustu og verulega hagstæða kaupskilmála. Bara til að nefna nokkur atriði þá bjóðum við upp á 30 daga skilarétt þar sem þú mátt hafa prófað vöruna sem og jólastíla miða sem eru nú

í að eiga ánægðustu viðskiptavinina nema við eigum líka ánægðasta starfsfólkið.”

**Risaopnunartilboði í ELKO Lindum**  
Og svo eru stórir dagar framundan m.a. Svartur föstudagur og svo styttest í jólatörninna - það verður því nóg um að vera hjá ykkur á næstunni? „Við verðum með risaopnunartilboði í ELKO Lindum sem hefjast fimmtudaginn 31. október og standa yfir alla helgina og verða tilboðin eingöngu í boði í verslun ELKO í Lindum. Við bjóðum sem flest velkomin að skoða verslunina og taka um leið forskot á tilboðsdagana í nóvember þar sem hægt verður að tryggja úrval vara á frábærum opnunartilboðum og jafnvel hægt að klára einhver jólagjafainnkaup í leiðinni. Eftir opnun eru svo líka á döfinni stórir tilboðsdagar: Dagur einhleypa á elko.is, svartur fössari í öllum verslunum, stafrænn mánudagur á elko.is og svo sjálf jólín. Fram undan er stórt sölutímabil í ELKO og við erum tilbúin í það með fullt vöruhús. Um miðjan nóvember skreytum við svo verslanir okkar og komum þeim í jólaútlit.”

**Heyrnartól og farsímar klárlega haft vinningin**

Og þar sem styttesti ódum í jólín, hver hefur verið vinsælasta jólavaran í gegnum árin og hvaða vara áttu von á að slái í gegn fyrir þessi jól? „Síðustu ár hafa heyrnartól og farsímar klárlega haft vinninginn sem jólagjöf ársins og munu líklegast eiga það aftur þessi jól. Það eru hinsvegar fjölmargar spennandi jólagjafir í boði sem eflaust verða gríðarlega vinsælar. Þar má helst nefna vatnsbrúsan Stanley Quencher sem hefur selst í þúsundtali síðustu mánuði og svo er búist við að stafrænn myndarammar komi sterker inn,” segir Óttar Örn að lokum og hvetur alla að mæta á opnun ELKO í Lindum.

**MADONNA DI CAMPIGLIO**

## HÓPURINN SAMAN Á SKÍÐI

Við sjáum um hópinn þinn - sendu okkur póst hopar@uu.is og við skipuleggjum þína ferð frá A til Ö.

**HELGI OG DINNA FARARSTJÓRAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉ!**

**FYRSTA FLUG 18. JANÚAR 2025**

Madonna er einn þekktasti skíðabær Ítalíu. Stutt í lyftur og kláfa og skamman tíma tekur að komast upp í skíðalöndin ofan við bæinn. Sex mismunandi skíðasvæði sem henta mismunandi getu hvers og eins. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítösk matargerð og góður félagsskapur.

**\*Innifalið í verði: ➔ ➊ ➋ ➌ ➍ ➎ ➏ ➐ ➑ ➒ ➓**  
Flug, gisting, taska, íslensk fararstjórn og skíðapoki

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRI 6 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# Það er stutt í veturinn og líka Nesdekk!

## Nesdekk Lyngás 8

Hjá sérfræðingum Nesdekk færðu dekkjaskipti og ráðleggingar við val á réttum dekkjum fyrir veturinn.

Tímamantanir á [nesdekk.is](http://nesdekk.is)



Harðskelja-  
dekk


Toyo  
GSI 6

Nankang  
Sw8

Pirelli  
Scorpion Winter 2



Skannaðu QR kóðann  
til að bóka tíma.



## Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á [nesdekk.is](http://nesdekk.is)



# BIOEFFECT X Þórdís Erla Zoëga

Fallegu gjafasettin frá BIOEFFECT eru unnin í samstarfi við listakonuna Þórdísi Erlu Zoëga

Fallegu gjafasettin frá BIOEFFECT eru unnin í samstarfi við listakonuna Þórdísi Erlu Zoëga og útkoman er töfrandi ferðalag EGF húðdropanna í gegnum húðlöggin.

Þórdís Erla Zoëga er metnaðarfull listakona sem hefur þegar skapað sér nafn í listaheiminum hérlandis og erlendis. Þórdís Erla á viðburðarrikan feril að baki, hún var meðal annars valin bæjarlistarmaður Seltjarnnesbæjar 2022 og í Gróttu er að finna fallegt útlitaverk eftir hana. Þórdís hefur sett upp sýningar víðsvegar um heim og nýverið bar Þórdís Erla sigur úr þytum í samkeppni meðal listamanna um nýtt útlitaverk við nýjan Landspítala. Vinnustíllaga Þórdísar Erlu nefnist 'Upphaf' og er verkið hringlaga form sem ætlað er að afmarka annars vegar tjörn og hins vegar setsvæði til hliðar við aðalinngang byggingarinnar.

Þórdís Erla útskrifaðist úr Gerrit Rietveld Akademie í Amsterdam og vann meðal annars með skúlptúra, málverk og myndbönd. Verk hennar hafa verið sýnd um allan heim – til dæmis í Kaupmannahöfn, Amsterdam, Stokkhólmi, Berlín, Basel og Tékklandi. Þórdís Erla er partur af BERG Contemporary, íslenskt listagallerí sem veitir fjölbreyttan veltvang fyrir samtímalist með því að sýna bæði upprennandi og rótgróna listamenn í gegnum nýstárlegar sýningar.

## Dansar á línunni milli listar og hönnunar

„Í sköpun minni dansa ég á línunni milli listar og hönnunar. Ég vinn með ýmis efni, en mér finnst sérstaklega áhugavert að nota efni sem hægt er að leika sér að með ljósi og reyna að fanga töfra hvers-



Þórdís segir að innblásturinn fyrir gjafasettin komi frá EGF húðdropunum og ferðalagi þeirra frá 'ytri' heiminum til 'innri' heims húðarinnar. „Ég vildi túlka ferðalag þeirra í gegnum húðlöggin þar til þeir ná áfangastað og byrja að virka.“

dagsleikans. Innblásturinn fyrir gjafasettin kom frá EGF húðdropunum og ferðalagi þeirra frá 'ytri' heiminum til 'innri' heims húðarinnar. Ég vildi túlka ferðalag þeirra í gegnum húðlöggin þar til þeir ná áfangastað og byrja að virka.“

Þórdís Erla einsetti sér einnig að vinna með mynd og einkenni vörumerkisins og skapa verk í þrívídd út frá einkennandi röndum BIOEFFECT vörumerkisins.

„Frá því að BIOEFFECT hafði samband við mig hef ég notið þess að læra um vísindin og allt sem stendur að baki vörumerkinu. Mér finnst einnig áhugavert að kafa ofan í vöruhönnun; frá rannsóknarstofunni til vörunnar á hillunni og hvernig hún hefur samskipti við manneskjuna sem notar vöruna.“

## Árleg hefð að vinna í samstarfi við íslenskar listakonur

Það er árleg hefð hjá BIOEFFECT að



velja íslenska listakonu til að vinna með þegar kemur að hönnun gjafasettanna og meðal fyrri samstarfa má nefna Kristjönu S. Williams og Doddu Maggý. Þá hefur BIOEFFECT einnig unnið með listafólkinu James Merry og Shoplifter, Hrafnhildi Árnadóttur, sem hannaði 10 ára afmælisútgáfu EGF húðdropanna.

## Ramma inn vörur BIOEFFECT

„Samstarf BIOEFFECT við íslenskt listafólk er ætlað að ramma inn vörur BIOEFFECT á fallegan hátt og gera að hátíðlegri gjöf, en ekki síður að vekja athygli á íslenskri list og listakonunni sem samstarfið er við hverju sinni. Kynningin nær til yfir 20 landa þar sem vörur BIOEFFECT eru seldar, í verslunum og á netinu. Samstarfið við Þórdísi Erlu hefur verið sérstaklega

gefandi og ánægjulegt, og við hjá BIOEFFECT virkilega ánægð með útkomuna sem við vonum að gleði sem flesta þessa jólahátíð“ segir Liv Bergþórsdóttir, forstjóri BIOEFFECT.

BIOEFFECT eru margverðlaunaðar, íslenskar húðvörur sem byggja á íslensku hugviti. Virku innihaldsefni húðvaranna eru framleidd með aðferðum plöntu-líftækni, svokallaðir vaxtarþættir, og eru þeir framleiddir í byggplöntum í gróðurhúsi ORF Líftækni á Íslandi. BIOEFFECT EGF (Epidermal growth factor) er þekktasti vaxtarþætturinn.

BIOEFFECT X Þórdís Erla Zoëga gjafasettin fást í verslun BIOEFFECT á Hafnartorgi, bioeffect.is og á völdum sölustöðum.

Framúrskarandi fyrirtæki 2010-2024

PFAFF  
1929-2024

28. október - 2. nóvember

95 ÁRA

AFMÆLISHÁTÍÐ

FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!

# KOMDU Í SUND Í KÓPAVOGI



## Sund fyrir alla

Sundlaugarnar í Kópavogi bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu með vatnsrennibrautum, gufu, heitum og köldum pottum. Frítt fyrir yngri en 18 ára og 67 ára og eldri.

### Opið

virka daga 6:30–22:00,  
laugardaga og sunnudaga  
8:00–18:00

### Sundlaug Kópavogs

Borgarholtsbraut 17–19

### Salalaug

Versölum 3



Sundlaugar Kópavogs

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

# FRAMÚRSKARANDI- OG FYRIRMYN

Við erum ákaflega stolt af því að vera í hópi Framúrskarandi og/eða Fyrirmyndarfyrirtækja samkvæmt útnefningu Við

 **Hreint**  
RÆSTING

 **BARKI EHF.**

**L'OCCITANE**  
EN PROVENCE

 **fagtaekni**

Blikksmiðjan

**VTK**

**Faxaverk ehf.**

Símar: 892 1122 894 2119



**GARMINBÚÐIN**

**Rafmiðlun**

**Vinnuföt**


 **bfo.is**

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf



**HEGAS**

...allt fyrir tréiðnaðinn



**HD**

**GK HEILDVERSLUN**



**SPRINKLER  
PÍPULAGNIR**

Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík. S: 587-2025



**Tannhjól  
Mánafoss**

 **JS-HÚS** ehf.



**tekk**



**NÝPRIF**

ÖFLUGUR RÆSTINGARVERKTAKI

**LAKKÚRAT  
LAGNIR** ehf.

**AutoCenter**



**RAFVIRKNI**

# FIRMYNDARFYRIRTÆKI Í KÓPAVOGI 2024

Þessi fyrirtækja samkvæmt útnefningu Creditinfo fyrir árið 2024  
Viðskiptablaðsins/Keldunnar sem eru staðsett í Kópavogi



**AXIS**



H. HAUKSSON



**HAFID**  
FISKVERSLUN  
- Gæðin skipta máli -



heit  
gólf



**VATNSVIRKINN**  
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

**Rafvidd ehf**

Holtagerði 67  
200 Kópavogi

**BRETTI**

réttingarverkstæði

**RUBIX**

Hreingerningarpjónusta  
Þvegillinn  
Stofnað 1969  
5 44 44 46



ÚRVAL ÚTSÝN



HEFILVERK



**STJÖRNUBLIKK**

Vatnskassar • Almenn blikksmiði • Loftræstikerfi  
Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur  
Sími 577 1200 • Símbref 577 1201



**KFC**

**Heimar**



**BAKARÍ**

Reynir Bakari

**TEITUR**  
Hópfærðabílar



**VÍKUR**  
V • E • R • K

**Tréfab ehf**

Víkurbær 2  
203 Kópavogi

**Stapar verktakar ehf**  
Fjallalind 37  
201 Kópavogi

allt í köku



**COZY CAMPERS**

**SÉR MERKT**

sermerkt.is  
AUBREKKA 20  
200 KÓPAVOGUR



**STJÓRI**  
MÚRVERKTAKAR

Af alls 1.643 fyrirmyndarfyrirtækjum á Íslandieru 218 þeirra staðsett í Kópavogi samkvæmt úttekt Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri fyrir árið 2024 og fjölga þeim um 11 frá því í fyrra. Alls eru 152 Framúrskarandi fyrirtæki staðsett í Kópavogi samkvæmt árlegri útnefningu Creditinfo og fækka þeim um 10 frá því í fyrra, en í öllum tilvikum eru þessi 152 Framúrskarandi fyrirtæki einnig Fyrirmyndarfyrirtæki. Alls eru 1.133 sem teljast til Framúrskarandi fyrirtækja í ár og af þeim eru því 13,5% staðsett í Kópavogi.



**Framúrskarandi  
fyrirtæki 2024**

**2024** Fyrirmyndarfyrirtæki  
í rekstri

Viðskiptablaðið  Keldan

# Hugafarið í hópnum var stórkostlegt

- segir Halldór Árnason þjálfari Íslandsmeistara Breiðabliks

Breiðablik tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í Bestu deild karla sl. sunnudag, eins og öllum er kunnugt um, með mjög sannfærandi sigri á gríðarlega erfiðum útivelli í Víkinni, en uppselt var á völinn, 2.500 manns og af þeim voru aðeins 250 Blikar.

Það virtist þó ekki skipta máli enda höfðu stuðningsmenn Blikanna hátt, voru greinilega vel gíraðir fyrir leikinn sem og leikmenn Breiðabliks sem léku í raun við hvern sinn fingur á móti ríkjandi Íslandsmeisturum, þar sem sjálftraustið og leikgleðin skein úr hverju andliti. Leikmenn Breiðabliks stigu vart félsspor og héldu öflugri skipulagi sem þjálfari ársins, Halldór Árnason, hafði lagt upp fyrir leikinn, en þetta var fyrsta ár Halldórs sem aðalþjálfari Breiðabliks. Stórt hrós á hann sem og leikmenn Breiðabliks að kikna ekki undan pressunni sem var á liðinu fyrir leikinn, eins og Víkingur gerði.

Töpuðu aðeins einum deildarleik frá 6. máí

Og Halldór er væntanlega enn mjög lukkulegur í dag með þennan frábæra árangur sem liðið náði í sumar og sérstaklega hvernig liðið negldi leikinn á móti ríkjandi Íslandsmeisturum Víkinga? „Já, árangur í sumar er auðvitað gjörsamlega frábær. Við höfum ekki tapað leik í 4 mánuði og einungis einum deildarleik síðan 6. maí. Sigurinn á Víkingum kórónaði svo frábært tímabil og það gerði sigurinn enn sætari hversu rosalega sannfærandi hann var,” segir þjálfarinn, Halldór Árnason.

Til þess þurfti mikið hugrekki

Þú sagðir í viðtali við Kópavogspóstinn í síðustu viku, fyrir stórleikinn, að dagsformið og hugafarið væri það sem skipti öllu máli í þessum leik. Var það þannig eða hvað er það sem skildi liðin að - vel útfært leikskipulag þjálfarans hlýtur að hafa eitthvað að segja? „Við vorum bara ákveðnir í að sækja þennan titil og sækja leikinn til sigurs. Menn æfðu vel í vikunni fyrir leikinn og hugafarið í hópnum var stórkostlegt. Það er eitt að koma með leikplan en leikmennirnir eiga allt hrós skilið fyrir að fylgja planinu í 90 mínútur. Til þess þurfti mikið hugrekki.”

Mér leið frá fyrstu mínútu eins og þeir gætu ekki hlaupið með okkur

Þið náði inn marki svona rétt fyrir hálfleik, eða á 38 mínútu - hversu stórt var það fyrir ykkur og sjálfstraustið að ná að setja mark fyrir hálfleikinn? „Mér leið frá fyrstu mínútu eins og þeir gætu ekki hlaupið með okkur. Það voru ennþá 17 mínútur eftir af hálfleiknum þegar Ísak skorar og mér leið alltaf eins og við myndum skora fyrir hálfleik. En í raun breytti það engu. Nálgunin inn í seinni hálfleikinn var bara sú sama. Ekki bíða, ekki verja neitt og ekki treysta á neitt sem við höfum ekki stjórn á sjálfir. Áherslan var því halda áfram að hamra á þeim og reyna að ná inn öðru marki.”

Og svo náði Ísak að bæta við sínu öðru marki strax á 49 mínútu, þetta hefur verið þungt högg í andliti Víkinga og að sama skapi aukið sjálfstraust ykkar til muna - fannst þér liðið fá auka vítáminsprautu við þetta mark? „Mantran okkar í allt sumar hefur verið að láta atvik í leiknum ekki hafa áhrif á okkur og halda alltaf plani. Mér fannst menn gera það vel í gegnum allan leikinn.”

Breiðablikliðið hefur fyrst og fremst gríðarlega sterka liðsheilid

Og það hefur svo verið ljúft að sigla þessu heim, en segðu mér, hvernig býr maður til lið sem verður Íslandsmeistari? Hvað þarf að vera til staðar svo það takist fyrir utan þjálfarann að sjálfsögðu, sem skipar stóran þátt í þessum árangri ásamt þjálfarateymiinu? „Fyrst og fremst þarftu að geta búið til mikla liðsheilid. Samansafn af hæfileikaríkum einstaklingum er ekki nóg til að vinna titla og það sem þetta ótrúlega Breiðablikliði hefur fyrst og fremst fram yfir aðra er gríðarlega sterk liðsheilid.”

Hópurinn sem var settur saman að lokum var hópur til að vinna titilinn

Þetta er þitt fyrsta tímabil sem aðalþjálfari Breiðabliks, en það er bara rétt ár liðið síðan þú tókst við liðinu - varstu með fókussinn á þessu allt frá því að þú skrifaðir undir, að koma heim í Kópavoginn með Íslandsmeistaratitilinn?

„Já, það var alltaf markmið okkar að vinna titilinn. Tímabilið í fyrra var langt og strangt og undirbúningstímabilið stutt. Við misstum marga leikmenn sem höfðu spilað stórt hlutverk í liðinu og við höfðum skammta tíma til að setja saman leikmannahóp fyrir komandi tímabil. Hópurinn sem var settur saman að lokum var hópur til að vinna titilinn,” segir Halldór.

Ekki nægilega talað um hversu stórkostlegt afrek það er fyrir félagið að vinna þann stóra bæði í kvennaflokki og karlaflokki

Það vill svo til að kvennaliði Breiðabliks varð einnig Íslandsmeistari í ár með Nik Chamberlain sem þjálfara liðsins á sínu fyrsta ári. Er eitthvað samtarf þarna á milli, vinnandi þjálfarateymi eitt-hvað saman? „Nik hefur gert frábæra hluti síðan hann kom í Breiðablik og kom með mikinn ferskleika og fagmennsku inn í klúbbinn. Það hefur verið frábært að fylgjast með honum og stelpunum í allan vetur og sumar og ég vil enn og aftur óska þeim til hamingju með þeirra frábæra árangur. Eins hefur mér ekki þótt talað nægilega um hversu stórkostlegt afrek það er fyrir félagið að vinna þann stóra bæði í kvennaflokki og karlaflokki.”

Maður má aldrei verða saddur eða halda að þú hafir náð toppnum

Íslandsmeistarar, það verður ekki stærra, þú ert sjálfsgað ekki kominn þangað, en hvernig geturðu svo bætt liðið enn frekar, tekið skref fram á við? „Það er ljóst að maður má aldrei verða saddur eða halda að þú hafir náð toppnum. Menn taka nokkra daga núna og njóta þess að vera nýkrýndir Íslandsmeistarar en svo þurfum við að setjast niður, setja okkur ný markmið og sjá hvernig við getum tekið liðið ennþá lengra.”

Í eðli fótboltans að það verða alltaf einhverjar breytingar

Og er ekki hollt fyrir öll lið sem verða Íslandsmeistarar að hrista aðeins upp í leikmannahópnum þrátt fyrir að þau séu Íslandsmeistarar og sjálfsgað með besta og samstilltasta hópinn - ætlið þið að gera einhverjar breytingar á



Magnaður Dóri - Íslandsmeistari á sínu fyrsta ári sem aðalþjálfari Breiðabliks! Halldór ásamt eiginkonu sinni, Helen Hergeirsdóttur og skildinum góða

hópnum - einhverjir að fara og ertu komin með augastað á nýja leikmenn?

„Það er ljóst að það verða einhverjar breytingar á hópnum. Við tökum okkur tíma í það allt saman, en það er auðvitað bara í eðli fótboltans að á hverju tímabili renna út samningar, leikmenn eru seldir í önnur félög og aðrir koma í staðinn. Það verður engin breyting á því hjá Breiðabliki í ár.”

Það er ljóst að möguleikar íslenskra liða á að ná lengra eru töluvert meiri með þessum hætti

Þið eruð á leið í forkeppni meistara-deildarinnar á næsta ári og stefnið sjálfsgað á að komast í sjálfa Sambandsdeildina eins og Víkingar í ár og þið í fyrra, í öðruvísi fyrirkomulagi reyndar. Lærðu þið mikið á þátttöku ykkar í fyrra og langar ykkur að komast þangað aftur - skiptir miklu máli fyrir fjárhag deildarinnar? „Það eru sem betur fer aðrir sem sjá um fjármálin, en við stefnum að sjálfsögðu á að komast langt í Evrópu, bara á fótboltalegum forsendum. Þetta er auðvitað allt annað fyrirkomulag en áður, og ég er í raun þakklátur fyrir að hafa fengið að taka þátt í riðlakeppni

Evrópu. Maður á svona eftir að venjast þessu nýja fyrirkomulagi, en það er ljóst að möguleikar íslenskra liða á að ná lengra eru töluvert meiri með þessum hætti. En það er hinsvegar ekki sjálfgefið að komast alla leið í deildarkeppnina og við þurfum að passa að mæta með lið sem er líklegt til að geta átt góðan möguleika á því.”


Þjálfararnir farnir að undirbúa næsta tímabil

En hvernig verða svo næstu dagar hjá þjálfara Íslandsmeistarana? „Leikmenn eru komnir í fri fram í byrjun desember, en við þjálfarateymið erum farnir að undirbúa næsta tímabil.”

Takk kærlega fyrir stuðninginn í sumar

Vill þjálfarinn segja eitthvað að lokum? „Takk kærlega fyrir stuðninginn í sumar. Sunnudagurinn sýndi enn og aftur hversu stórt og öflugt Blikasamfélagið er. Stuðningurinn sem við fengum úr öllum áttum átti svo sannarlega stóran þátt í árangrinum,” segir þjálfari Íslandsmeistarana, Halldór Árnason, sem á sannarlega stórt hrós skilið..

## Við óskum karla- og kvennaliði Breiðabliks til hamingju með magnaðan árangur, Íslandsmeistarar!







Besti markmaður deildarinnar! Anton Ari Antonsson ásamt Orra Hlökkverssýni formanni ÍTF



Besti leikmaður deildarinnar! Höskuldur Gunnlaugsson ásamt Þorvaldi Örlyggssýni formanni KSÍ



# Við óskum karla- og kvennaliði Breiðabliks til hamingju með magnaðan árangur, Íslandsmeistarar!

 <b>STJÖRNUBLIKK</b> <small>Vatnskassar • Almenn blökksmíði • Lofttræstikerfi</small> <small>Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur</small> <small>Sími 577 1200 • Símbréf 577 1201</small>	 <b>SÉRMERKT</b> <b>sermerkt.is</b> <b>AUÐBREKKA 20</b> <b>200 KÓPAVOGUR</b>	 <b>allt í köku</b>	 <b>TETUR</b> Hóptferðabílar	<b>Tréfab ehf</b> Víkurhvarfi 2 203 Kópavogi
 <b>JS-HÚS ehf.</b>	 <b>AutoCenter</b>	 <b>Tannhjól Mánafoss</b>	 <b>GARMINBÚÐIN</b>	
 <b>TENGI</b>	 <b>Á. GUÐMUNDSSON</b> STOFNAD 1956	 <b>FEBK</b>	 <b>Sérverk ehf</b>	 <b>TANNIR</b> TANNLEKNASTOFA
 <b>MótX</b> <small>Við erum uppbyggjandi</small>	 <b>NÝPRIF</b> <small>ÖFLUGUR RÆSTINGARVERKTAKI</small>	 <b>RUBIX</b>	 <b>BYKO</b>	 <b>Heimar</b>
 <b>MANNBERG</b> <small>NÝSMÍÐI ÞJÓNUSTA VÍÐHALD</small> <small>Vélsmiðja</small> <small>Sími 564 2002</small>	 <b>SUÐURVERK</b>	 <b>Lindabakarí</b>	 <b>Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar</b> <small>Stofnab 1990</small> <small>Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi</small>	

# Hópvitundin var samstillt og við vorum sigurvissir

- segir Höskuldur Gunnlaugsson, fyrirliði Íslandsmeistara Breiðabliks og besti leikmaður Bestu deildarinnar

Það er ekki á neinn hallað þegar sagt er að Höskuldur Gunnlaugsson, fyrirliði Breiðabliks hafi átt hreint út sagt frábært tímabil og verið besti leikmaður Bestu deildarinnar í ár enda var hann valinn besti leikmaður deildarinnar af leikmönnum Bestu deildarinnar, auk þess sem hann hefur verið valinn bestur á mörgum miðlum.

Höskuldur lék alla 27 leiki Breiðabliks í deildinni og skoraði í þeim níu mörk, en hann var markahæsti leikmaður liðsins í deildinni ásamt Ísaki Snæ Þorvaldssyni. Þótt mörkin segi ákveðna sögu þá er það svo miklu meira sem Höskuldur gefur liðinu, hann fer áfram með góðu fordæmi, er algjörlega óþreytandi inn á vellinum, vinnusamur mjög og einstaklega klókur knattspyrnumaður, en karakterinn hans er kannski einn af stærstu kostum hans. Hann gefur sig allan í leikinn, bæði hvetur og leiðir liðið áfram sem sannur fyrirliði, kemur einstaklega vel fyrir og smitar þannig út frá sér.

Kópavogspósturinn heyrði hljóðið í fyrirliðanum sl. þriðjudag.

Það var áþreifanlega gott andrúmsloft í hópnum fyrir úrslitaleikinn

Þú sem og aðrir leikmenn Breiðabliks og stuðningsmenn ykkar verða ábyggilega einhverja daga að ná áttum eftir þennan frábæra sigur á Víkingi sl. sunnudag í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn, en við spólum aðeins til baka þá væri forvitanlegt að vita hvernig andrúmsloftið hafi verið innan liðsins og inn í búningsherbergi fyrir leikinn, náðuð þið að beisla spennuna og allt það sem var undir í leiknum? „Það má segja að um leið og við sigruðum Stjörnuna 2-1 á Kópavogsvelli, í umferðinni á undan úrslitaleiknum, þá var áþreifanlega gott andrúmsloft í hópnum fyrir komandi úrslitaleik. Það kom aldrei neitt annað til greina en að mæta hugrakkir og sækja til sigurs í Víkingi. Að sjálfsgöðu fór maður í gegnum mikinn tilfinningalegan rússibana í þessari viku í aðdraganda leiksins, en heilt yfir létt yfir mönnum og gífurleg tilhlökkun. Þegar við vorum svo mættir á svæðið, í búningssklefann, þá er einfaldlega hægt að segja að hópvitundin var samstillt og við vorum sigurvissir,” segir Höskuldur.

Aðdragandi leiksins er oft erfiðari tilfinningalega heldur en leikurinn sjálfur

En hvernig leið þér sjálfum inn á vellinum, var þetta stress eða mikil tilhlökkun að spila leikinn og fannst þér það sama eiga við um aðra leikmenn liðsins? „Persónulega leið mér bara



Íslandsmeistarara! F.v. Viktor Örn Margeirsson, Höskuldur og Oliver Sigurjónsson

mjög vel inn á vellinum. Ég náði að njóta augnabliksins og hreinlega gleyma mér í leiknum. Það er oft þannig að aðdragandi leiksins er erfiðari tilfinningalega heldur en leikurinn sjálfur. Ég upplifði að við værum allir á þeim stað, einstaklega einbeittir, tilbúnir að berjast fyrir hvorn annan og kasta öllu sem við áttum í þennan leik. Maður fann strax að við vorum með yfirhöndina í þessum leik.

Maður leyfði hausnum aldrei að fara fram úr sér

Var á einhverjum tímupunkti í leiknum sem þér fannst þið vera með það góð tók á leiknum að þetta væri komið? „Ég get í hreinskilni sagt að maður áttaði sig ekki á því að þetta væri komið fyrr en Vilhjálmur flautaði leikinn af. Maður leyfði hausnum aldrei að fara fram úr sér, sérstaklega í ljósi þess að Víkingar hafa sýnt mikinn karakter og styrkleika að koma til baka seint í þessum síðustu leikjum.”

Þvílíkir gæjar

Að lyfta skildinum að lokum og fagna Íslandsmeistaratitilinum hlýtur að vera eitt, en að auki varstu valinn besti leikmaður Bestu-deildarinnar. Það er mikil viðurkenninga sem þú hlýtur að vera stoltur af, en hverju viltu þakka þessum persónulega árangri þínum og hefur þú breytt einhverju í þínum leik? „Það er að sjálfsgöðu mikil viðurkenning fyrir mig að hljóta þessi verðlaun og vil ég þakka kollegum mínum í þessari deild kærlega fyrir útnefninguna. Fyrir mér hefði þessi viðurkenning hins vegar ekki haft jafn mikla þýðingu ef við hefðum mistekist að sigra þennan leik. Það er auðvitað fyrst og fremst aðal viðurkenningin, að vera besta liðið á Íslandi 2024. Ég vil fyrst og fremst þakka mínum kærnu liðsfélögum fyrir persónulegum árangri mínum þetta tímabilið, þvílíkir gæjar! Auk þess má segja

að það sé heilt samfélag á bakvið þessi persónulegu verðlaun; þjálfarateymið, sjúkrapjálfarar, liðstjórar, sjálfbóðaliðar, stuðningsmenn, starfsmenn og stjórnarmenn og auðvitað vinir og vandamenn. Kærastan mín, Sara Katrín Farmer, á síðan að sjálfsgöðu mestu þakkarar skilið fyrir að standa við bakið á manni á hverjum degi,” segir hann og heldur áfram: „Nei ég hef breytt voða litlu í mínum leik, bara reynt að halda í þann stöðugleika sem ég hef sýnt í mínum frammistöðum undanfarnum tímabil og stefna stöðugt að því að bæta mig.”

Skemmtilegt að fá að upplifa tvær gjörólíkar leiðir að vinna Íslandsmeistaratitilinn

Það eru ekki liðin nema tvö ár síðan þið lönduð Íslandsmeistaratitilinum síðast, eða árið 2022. Var upplifunin sambærileg eða ólík? „Það er skemmtilegt að fá að upplifa núna tvær gjörólíkar leiðir, ef svo má segja, að því að vinna Íslandsmeistaratitilinn. Árið 2022 náðum við snemma góðu forskoti sem við misstum aldrei frá okkur og vorum aldrei líklegir til þess. Eftirminnilega vorum við síðan staddir á „Blikabarnum“ þegar við síðan formlega erum krýndir meistarar. Það var ótrúlega gaman og ógleymanleg stund. Við fengum þá nokkra leiki til viðbótar til þess að njóta þess að spila sem meistarar, sem lauk með glæsilegri athöfn á Kópavogsvelli eftir lokaumferðina.

Í ár var miklu meiri háspenna og fólk var farið að dreyma um þennan úrslitaleik þegar það sá að sú birtingamynd gæti raungerst. Maður óskaði þess sjálfur að fá að spila slíkan úrslitaleik, milli þessara tveggja frábæru liða sem hafa barist hart síðustu tímabil. Að sigra mótið síðan í hreinum úrslitaleik á móti okkar verðugu keppinautum, Víkingi, er auðvitað epísk sögúlina og eitthvað sem mun lifa lengi í minningu allra Kópavogsbúa og bara almennra knattspyrnuáðdáenda.

Það er eiginlega ekki hægt að gera upp á milli þessara titla. Árið 2022 var auðvitað í fyrsta skipti sem þessi hópur vann og eitthvað sem við höfðum stefnt að í langan tíma. Það gerir hann auðvitað mjög dýrmæt看 og sérstakan. Titilinn í ár er hins vegar alls ekki síðri þar sem þetta var svo hörð keppni allt fram á lokaleik. Þannig ég hreinlega þori ekki að gera upp á milli þeirra tveggja.”

Liðsheildin mikilvægasta hráefnið í þessum meistarauppskriftum

Og það voru einhverjar breytingar á leikmannahópnum á milli Íslandsmeistararaáranna, en hvort liðið telur þú að hafa verið betra og voru þetta ólík lið og spiluðu þau ólíkan fótbolta? „Maður er hreinlega ekki búinn að ná almennilega utan um það og ég hugsa að það þurfi að liða aðeins lengri tími þar til maður getur náð að endurspegla þessi tvö meistaralið, hvað einkenndi þau, hver munurinn var, o.s.frv.,” segir hann og bætir við: „Tilfinningin er hins vegar sú að í báðum tilfellum er hægt að segja að gífurleg liðsheild hafi verið mikilvægasta hráefnið í þessum meistarauppskriftum. Svo er hægt að rýna meira í smáatriðin og þá er til dæmis hægt að sjá að mörg tölfræði er keimlík milli þessara liða, til að mynda markatala og fleira.”

Þetta er náttúrulega lygilega góður árangur hjá honum í fyrstu atrennu

Halldór Árnason tók við sem þjálfari liðsins fyrir einu ári síðan, breyttist þá mikið og er þáttur Dóra stór í þessum titli? „Halldór og þjálfarateymið í heild sinni á náttúrulega allt hrós skilið fyrir þetta tímabil. Ég sagði á sínum tíma, þegar Halldór tók við sem aðalþjálfari, að eina leiðin áfram, frá frábærum tíma Óskars með liðið, væri ef Halldór myndi taka við sem aðalþjálfarin. Frá fyrsta degi var það síðan alveg ljóst að allur leikmannahópurinn var 100% á bakvið Halldór og tilbúnir að hlaupa í gegnum vegg fyrir hann. Þetta er náttúrulega lygilega góður árangur hjá honum í fyrstu atrennu. Ég hugsa að þetta verði ekki leikið eftir í langan tíma,” segir hann og heldur áfram: „Halldóri og þjálfarateyminu tókst að skapa trú í hópnum á að við myndum sigra mótið í ár og það var sannarlega einlæg trú sem skapaðist innan hópsins.”

Stefna alltaf að því að verða betri í dag enn í gær, á hverri einustu æfingu og hverjum leik

Það er ávallt mikill metnaður innan Breiðabliks, en hvernig getið þið viðhaldið þessum góða árangri á næsta ári. Þið hafið sjálf sagt eitthvað lært eftir að Íslandsmeistaratitilinn datt í hús

2022 og árið eftir var ekkert sérlega gott? „Það er mjög einfalt í eðli sínu að viðhalda góðum árangri og stöðugum og góðum frammistöðum. Það er bara að stefna alltaf að því að verða betri í dag enn í gær, á hverri einustu æfingu og hverjum leik. Það er eina langlífa og sjálfbæra nálgunin til árangurs.”

Á það til að fara fram úr mér og vaða strax í næsta verkefni

Þú talaðir um í viðtali eftir leikinn sl. sunnudag að þú ætlaðir að gefa þér meiri tíma til að njóta þessa Íslandsmeistaratitil en þess síðasta, hvað áttir þú við með því og hvernig verða næstu dagar hjá fyrirliðanum? „Jú það sem ég meinti með því er einfaldlega það að ég á til að fara fram úr mér og vaða strax í næsta verkefni og huga að næstu markmiðum. Með aldrinum er ég hins vegar að reyna temja mér að staldra ögn lengur við stóra áfanga og njóta augnabliksins lengur.

Hjá mér tekur nú við nokkuð hefðbundin vinnuvika, en ég fer síðan í langþráða golferð til Orlando með góðum mönnum seinna í nóvember,” segir hann brosandi.

Og hvernig er svo að vera að vera í félagi eins og Breiðablik? „Yndislegt,” segir fyrirliði Íslandsmeistaranna og besti leikmaður Bestu deildarinnar 2024, Höskuldur Gunnlaugsson að lokum.

Nokkrar lauffléttar fyrir Höskuld!

Ef ekki fótbolti hvaða íþrótt hefðir þú þá helst vilja stunda? Golf.

Hvað viltu á pizzuna þína? Mozzarella ost, kirsuberjatómata og ferska basil. Horfir þú mikið á íþróttir í sjónvarpi og hvað þá helst?

Ég horfi helst á golf þessa dagana. Hver er uppáhalds drykkurinn þinn? Blár Gatorade

Það eru kosningar framundan, hvaða flokkur fær X-ið þitt?

Það er mitt einkamál, því miður.

Hver er erfiðasti andstæðingurinn? Víkingur

Hver er uppáhalds fótboltamaðurinn þinn? Luka Modrić

Hvert er uppáhaldsliðið þitt í enska boltanum? Manchester United Draumabíllinn?

Aston Martin (James Bond)

Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn? Við konan höldum mikið upp á “Monk”.

Uppáhalds hljómsveitin þín og tónlistarmáður? Hjálmar (hljómsveitin)

Hver er uppáhalds maturinn?

Heimagerð pizza

Íþróttamerkið sem þú filar mest? Nike

Hvernig girarðu þig í gang fyrir leiki?

Fer í góðan göngutúr út í náttúrunni.

Copacabana? Yfirburða stuðningsmannasveit, svo einfalt er það.

Við óskum karla- og kvennaliði Breiðabliks til hamingju með magnaðan árangur, Íslandsmeistarar!



**Til hamingju**

**Íslandsmeistarar!**



# Við óskum karla- og kvennaliði Breiðabliks til hamingju með magnaðan árangur, Íslandsmeistarar!

**Varmi**  
Við réttum og sprautum  
Auðbrekku 14 Kópavogi - S: 564 2141  
www.varmiehf.is

**bfo.is**  
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

**KAPP** ehf

**VATNSVIRKINN**  
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

**ORKAN**

**VÍDD**

**KRÓNAN**

**N1**

**Landsbankinn**

**TILDRA**  
BYGGINGAFÉLAG

**GARMIN**

**SPRINKLER PÍPULAGNIR**  
Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík. S: 587-2025

**LAKKÚRAT LAGNIR** ehf.

**L'OCCITANE**  
EN PROVENCE

**ER BÍLSÆTID RIFID ?**  
Bílsætavíðgerðir, motorhjóla og smjósleðasæti. Húshlíklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is  
**Fyrir** **Eftir**  
**Formbólstrun**  
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**BÚUM BETUR**  
**BYGG**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS** síðan 1996  
ALÚD VIRÐING  
TRAUST REYNSLA  
Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utfarin.is  
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað  
Sverrir Elmarsson S: 896 8242  
Andri Árnósson S: 662 5339  
Jóhanna Eiríks  
Guðmundur Örn Jóhannsson S: 862 0537

**AF HÚS**  
Byggingaverktaki

**KFC**

# Það er þetta stanslausa starf að bæta okkur dag frá degi sem skilar þessum árangri

- segir Flosi Eiríksson formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, en bæði karla- og kvennalið félagsins negldu Íslandsmeistaratitilana í Bestu-deild karla og kvenna

Árangur Breiðabliks í Bestu deildinni í ár var magnaður, en bæði kvenna- og karlalið félagsins tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í ár eftir magnaða sigra í hreinum úrslitaleikjum, á útvöllum ríkjandi Íslandsmeistara, í lokaumferð Bestu deildarinnar. Kvennalið Breiðabliks gerði jafntefli við Val á Hlíðarenda sem nægði þeim til sigurs í deildinni og karlaliðið fór í Víkina sl. sunnudag, með bakið upp vegg, en liðið þurfti að vinna leikinn til að hampa Íslandsmeistaratitlinum og það gerðu drengirnir í Breiðabliks sannfærð.

**Mögnuð tvenna í Kópavogi**  
Nú var árangur karla- og kvennaliðs Breiðabliks einstakur, bæðu unnu þau Íslandsmeistaratitilinn eftir hreina úrslitaleiki þar sem bæði liðin stóðust prófið. Hvaða þættir telur þú að hafa verið lykillinn að þessum frábæra árangri liðanna? „Þetta er náttúrulega algerlega frábær árangur og grunnurinn að honum er okkar frábæra barna- og unglingsstarf sem félagið hefur haldið úti um árabil ofan á það höfum við síðan verið að byggja öflugt faglegt starf, bæta umgjörð og aðstöðu og efla deildina á öllum sviðum. Það er þetta stanslausa starf að bæta okkur dag frá degi sem skilar þessum árangri,” segir Flosi Eiríksson, formaður Breiðabliks vel sáttur með árangurinn í sumar.

## Fagmenn fram í fingurgóma og fullir af ástríðu og eldmóði

Nú gerið þið breytingar á aðalþjálfurum beggja liða fyrir tímabilið. Þetta var fyrsta heila tímabil Halldórs Árnasonar með karlaliðið og einnig fyrsta ár Nik Chamberlain með kvennaliðið - þið virðist hafa tekið nokkuð góða ákvörðun með þessum ráðningum - mikið gæfuspör að ráða þá? „Algerlega. Þeir eru báðir algerlega frábærir, fagmenn fram í fingurgóma og fullir af ástríðu og eldmóði. Sú gæfa að hafa svona þjálfara sem ýta á okkur stjórnarmenn og aðra að gera enn betur og leiða okkur. Þessar ráðningar báðar frábærar og við vonum að þeir verði hjá okkur í mörg ár.”

## Halldór var eiginlega einn á blaði

Nú varð samkomulag í fyrra á milli stjórnar Breiðabliks og Óskar Hrafn Þorvaldssonar þjálfara karlaliðsins að hann léti af störfum í miðri riðlakeppni Sambandsdeildarinnar og þið gerið strax þriggja ára samning við Halldór Árnason, sem hafði verið aðstoðarþjálfari liðsins frá 2019. Kom aldrei neitt annað til greina en að ráða Halldór og á



Örn Örylgsson, formaður Blikklúbbsins, Flosi formáður knattspyrnudeildar og Birna Hlín Káradóttir varaformaður knattspyrnudeildar

**Hvaða forsendum?** „Hann var langefstur á blaði, og eiginlega á einn á því blaði, hjá meistaraflokksráðinu og okkur í stjórninni. Við þekktum afar vel til hans starfa undanfarin ár og vorum viss um að Halldór væri rétti maðurinn til að taka okkur áfram.”

## Án sjálfbóðaliða og stuðningsmanna getum við ekki haldið upp þessu öflugra starfi

**En þessi frábæri árangur karla- og kvennaliðsins byggist sjálfsgætt ekki eingöngu á þjálfareyrum liðanna og leikmönnum, það hljóta margir að koma að og hjálpta til svo að umgjörðin í kringum liðið sé sem best?** „Starf knattspyrnudeildarinnar er náttúrulega að stórum hluta borið uppi af gríðarlegum fjölda sjálfbóðaliða, og ég held að margir geri sér ekki grein fyrir öllum þeim handtökum og verkum sem þarf að sinna í kringum liðin og leiki, þetta eru náttúrulega stjórn og ráð, allt það góða fólk sem starfar í kringum framkvæmd leikja, flaggar og vinnur og sjoppunni og svo framvegis. Án sjálfbóðaliða og stuðningsmanna getum við ekki haldið upp þessu öflugra starfi og því má aldrei gleyma.”

## Miklar tekjur og mikill kostnaður

**Og svo tútnar buddan sjálfsgætt eitt-hvað út með þessum titlum og þátttöku í forkeppni meistaradeildarinnar að ári?** „Auðvitað koma inn tekjur við að að taka þátt í Evrópuleikjum en það fellur líka til mikill kostnaður. Stelpurnar sýndu það í forkeppninni að þær eiga fullt erindi í Evrópu og auðvitað er markmiðið að gera betur þar á næsta ári. Strákarnir þekkja betur til á þessu sviði og með því að vera Íslandsmeistarar fáum við eitthvað þægilegri leið með möguleikum sem við ætlum að grípa,” segir hann og bætir við: „Það

gefur leikmönnum og félaginu öllu mikið að spila á þessu stóra Evrópusviði, þar ruddum við brautina, þar eigum við heima og þar ætlum við að vera.”

## Velta knattspyrnudeildar var í heild sinni 1 milljarður króna í fyrra

**En kostar þetta ekki mikið, að eiga karla- og kvennalið í fremstu röð, hversu dýr er rekstur knattspyrnudeildar og hvert sækja menn aurana til að halda þessu öflugra starfi gangandi?** „Þetta er afar umfangsmikill rekstur, og það má nefna að í fyrra velti knattspyrnudeildin í heild sinni um einum milljarði króna, reyndar á aðeins sérstöku ári. Það skiptir miklu máli í svona rekstri að halda vel utan um öll fjármál og fara eins vel með fjármuni og hægt er. Barna- og unglingsstarfið er fjármagnað af æfingagjöldum og frístundastyrk frá Kópavogsbæ og styrkjum og fjárflokkum. Það fer ekki króna úr þeim rekstri til þess að fjármagna meistaraflokka og frekar að þeir taki á sig ákveðna kostnaðarliði sem tengjast uppeldisstarfinu. Meistaraflokkar eru svo reknir á styrkjum og framlögum, tekjum af sölu leikmanna og greiðslum fyrir þátttöku í mótum og evrópukeppni. Við höfum lagt áherslu á að hafa jafnvægi í okkar rekstri og vera sjálfbær til framtíðar og það má til dæmis benda á að knattspyrnudeildin ber engar skuldir. Hluti af rekstarumgjörðinni er náttúrulega okkar frábæra aðstaða sem Kópavogsbær leggur félaginu til og erum við þakklát bæjaryfirvöldum og öllum íbúum fyrir þann stuðning og samstarf.”

## Fótboltinn í heild sinni er að færast nær atvinnumannumhverfi og það er góð þróun

**Mega liðin í efstu deildinni fara að kúpla sig aðeins niður þegar kemur að laun-**

**um leikmanna og þjálfara eða erum við alltaf að færast nær atvinnumannadeild?** „Það skiptir mestu máli þegar kemur að launamálum almennt er að það sé samhengi milli tekna og gjalda og reksturinn sé í jafnvægi til lengri tíma þó auðvitað séu alltaf einhverjar sveiflur. Fótboltinn í heild sinni er að færast nær atvinnumannumhverfi og er það góð þróun, við þurfum þó að gæta að því að ungir leikmenn fái tækifæri og eitt af því sem gerir Breiðablik af því sem við erum er sá stóri hluti leikmanna sem er uppalin hér hjá okkur, það gefur eitthvað auka og býr líka til aðra tengingu við stuðningsmennina en um leið erum við afar glöð að fá frábæra leikmenn annars staðar frá sem vilja spila fyrir Breiðablik.”

## Komin á kaf í undirbúningi fyrir næsta tímabili

**Þið verðið sjálfsgætt að fagna þessum titlum eitthvað inn í veturinn, en hvernig er með framhaldið og næsta ár - menn ákveðin að halda sama dampi, Breiðablik er og verður stórveldi?** „Ef ég þekki mitt fólk, þjálfarana Halldór og Nik, þeirra teymi og aðra í kringum félagið, þá eru þau nú þegar komin á kaf í undirbúning fyrir næsta tímabili, byrjuð að skoða leikmenn og skipuleggja æfingar og undirbúning. Árangur sem þessi vinnst ekki bara á velli sjálfum yfir sumarið heldur með gríðarlegum undirbúningi og standlausri vinnu allt árið. Núna vona ég að okkar fólk taki sér smá frí áður en þau mæta aftur í Smárann, til að gera eins vel og hægt er næsta sumar og halda Breiðabliki á þeim stað sem við viljum vera á.”

## Höfum við átt afar gott samstarf og fengið mikinn stuðning frá bæjaryfirvöldum og ýmsum velunnurum

**Og það eru að verða töluverðar breytingar hjá ykkur þegar kemur að aðstöðumálum, en það er verið að leggja nýjan gervigrasvöll við hliðina á Fifunni, þetta hlýtur að breyta miklu fyrir félagið?** „Við búum svo vel að hafa um 1900 iðkendur í fótbolta hjá Breiðabliki en um leið kallar það á góða aðstöðu – núna er verið að bæta við gervigrasvelli við hlið Fifunar sem mun breyta mjög miklu fyrir þar yfir veturinn – félagið mun þá hafa yfir að ráða 4 gervigrasvöllum, þar af einum innan dyra, en við gætum alveg notað einn eða tvo í viðbót! Knattspyrnudeildin er að taka í notkun aðstöðu fyrir þjálfara yngri flokka til að bæta það starf enn frekar, við höfum nýlega opnað verulun á



Flosi ásamt Ástu Eir Árnadóttur fyrirliði Íslandsmeistara Breiðabliks í Bestu deild kvenna

félagssvæðinu og fleira mætti telja. Stóra verkefnið framundan er að fá öflugri lýsingu á Kópavogsvöllum svo við, og önnur lið, getum spilað Evrópuleiki við bestu aðstæður. Í öllum þessu aðstöðumálum höfum við átt afar gott samstarf og fengið mikinn stuðning frá bæjaryfirvöldum og ýmsum velunnurum. Við treystum og vitum að svo verði áfram.”

## Markmiðið er að halda áfram að vera besta félag á Íslandi

**Og hver er svo markmið formannsins fyrir næsta ár - hvað kröfur gerir hann til liðanna herna heima og í forkeppni meistaradeildarinnar?** „Ég set svo sem engar sérstakar kröfur á mitt fólk, markmiðið er að halda áfram að vera besta félag á Íslandi, hvort sem horft er til árangurs, uppeldis- og æskulýðsstarfs eða reksturs. Liðin setja sjálf á sig kröfur og markmið en það sem við getum verið viss um að okkar leikmenn halda áfram að vera frábær og sjálfum sér og okkur til sóma innan vallar sem utan.”

## Viljum vera uppeldis- og afreksfélag í besta skilningi

**Og er framtíðin björt hjá Breiðabliki, við töluðum um sjálfbærni þegar kemur að rekstri félagsins, fjárhagnum, en þarf ekki endurnýjun leikmanna að vera svoltið sjálfbær, þ.e.a.s. að leikmenn úr yngri flokkunum skili sér upp í meistaraflokkana?** „Breiðablik hefur ávallt byggt sína leikmannahópa af stórum hluta upp af uppöldum leikmönnum og ætlum að halda því áfram, við viljum bæði gefa okkar iðkendum möguleika á að spila með sínu félagsliði en einnig að opna fyrir þeim möguleika á að spila erlendis í atvinnumennsku. Við viljum vera uppeldis- og afreksfélag í besta skilningi og það er áframhaldandi skemmtilegt verkefni að halda því jafnvægi eðlilegu,” segir formaðurinn að lokum sem getur ekki annað en verið sáttur með magnað tímabil Breiðabliks í kvenna- og karlaflokki.

Við óskum karla- og kvennaliði Breiðabliks til hamingju með magnaðan árangur, Íslandsmeistarar!





## Ljómandi fallegar gjafir.



On-The-Go Essentials.  
7.990 kr.



Vinsæla Hydrating rakakremið,  
BIOEFFECT varasalvi og  
gjafapoki fylgir.  
12.990 kr.



Nýi andlitshreinsirinn og  
hár- og únlíðsbönd fylgja.  
6.990 kr.



BIOEFFECT varasalvi.  
3.890 kr.



EGF Hand Serum.  
4.990 kr.



BIOEFFECT gjafapoki.  
790 kr.

# Margverðlaunaðar íslenskar húðvörur.

BIOEFFECT eru margverðlaunaðar íslenskar húðvörur sem byggja á íslensku hugviti, vísindum og virkni. Sérstaða vörulínunnar er virka innihaldsefnið, BIOEFFECT EGF, sem framleitt er með aðferðum plöntu-líftækni í góðurhúsi ORF Líftækni á Íslandi. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og því gegnir íslenska vatnið einnig lykilhlutverki í hreinleika varanna. BIOEFFECT húðvörurnar eru seldar um allan heim, í 21 landi og hafa hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir gæði og virkni.



EGF Serum var á árinu valið í hóp 100 bestu húðvara allra tíma af hinu þekktu tímariti Women's Wear Daily (WWD - Beauty Inc) sem er útgefið í Bandaríkjunum. Tímaritið er eitt þekktasta tískurit heimsins og oft kallað „Biblía tískunnar“.

## Fagleg húðráðgjöf.

Kíktu til okkar í verslun BIOEFFECT Hafnartorgi. Hjá okkur starfar sérþjáfað starfsfólk með mikla þekkingu og reynslu í húðráðgjöf. Við leggjum áherslu á persónulega og framúrskarandi þjónustu. Þegar verslað er hjá okkur fylgir alltaf smá glaðningur.

Þú færð BIOEFFECT gjafakort í verslun okkar á Hafnartorgi.



## Komdu í húðmælingu.

Kynntu þér ástand húðar þinnar með nýrri og byltingarkenndri þjónustu í húðmælingu. Þú bókar tíma á [bioeffect.is](https://bioeffect.is).

